

R.I.P.! Íslenskt rapp

Farðu á RÚV og lestu/hlustaðu greinina: Andlát: íslenskt rapp

Greinin er uppfyll af slettum; orðum sem tekin eru úr ensku eða öðrum erlendum málum án þess að laga þau að íslenskri tungu.

- Finndu 5-10 slettur og skrifaðu niður hjá þér.
- Reyndu að búa til eða finna íslenskar þýðingar á slettunum.
- Skrifaðu stutta endursögn á efni greinarinnar þar sem þú segir frá aðalatriðum greinarinnar í samfelldu máli með þínu eigin orðalagi.

Athugaðu: þínar skoðanir eiga ekki að koma fram í endursögninni og passaðu þig að halda þig við efnið.

Núna er komið að þér! Segðu þína skoðun.

Hér skrifar þú stutta umfjöllun, með **þínum** orðum og í samfelldu máli um greinina þar sem þínar skoðanir á efninu koma fram.

- Ertu sammála greinarhöfundi eða ekki? Af hverju?
- Hvað finnst þér almennt um rapptónlist?



VAL
Einstaklings

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég get vandað frágang og framsetningu.
- ☐ Ég huga að málfari og stafsetningu.
- ☐ Ég get dregið saman aðalatriði og endurskrifað.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- ☐ geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- ☐ geti beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.

Afurð: Veluppsett skjal/ Canva.